

Traust til stofnana

Helstu breytingar

Í gegnum tíðina hafa stofnanir sem eru ekki hluti af Þjóðarpólssi Gallup mælst með bæði meira og minna traust en þær stofnanir sem niðurstöður eru sýndar fyrir hér.

Ítarlegar niðurstöður

Ríflega 83% landsmanna bera mikið traust til Landhelgisgæslunnar. Annað árið í röð dregur úr trausti til **Landhelgisgæslunnar** en þeim sem bera mikið traust til hennar fækkar um þrjú prósentustig frá í fyrra.

Rúmlega 69% bera mikið traust til **lögreglunnar** og er það svipað hlutfall og í síðustu mælingu.

Tveir af hverjum þremur bera mikið traust til **Háskóla Íslands**, fjórum prósentustigum færri en í fyrra.

Naumlega 59% bera mikið traust til **heilbrigðiskerfisins** en það eru fimm prósentustigum færri en í fyrra.

Tæplega 56% bera mikið traust til **embættis forseta Íslands** og eru það fjórum prósentustigum færri en fyrir ári.

Rúmlega 48% bera mikið traust til **dómskerfisins** en það eru þremur prósentustigum fleiri en í fyrra og hefur traust til dómskerfisins heldur verið að aukast undanfarin ár.

Aðeins færri eða nær 48% bera mikið traust til **þjóðkirkjunnar**, fimm prósentustigum fleiri en í fyrra en þetta er annað árið í röð sem traust til þjóðkirkjunnar eykst.

Sömuleiðis bera nær 48% mikið traust til **umboðsmanns Alþingis** og eru það fimm prósentustigum færri en í síðustu mælingu.

Seðlabankinn nýtur mikils trausts næstum 45% landsmanna og eru það tveimur prósentustigum fleiri en á sama tíma í fyrra.

Hátt í 43% bera mikið traust til **ríkissáttasemjara** og eru það sex prósentustigum færri en fyrir ári.


Tæplega 39% bera mikið traust til **ríkissaksóknara**, sem er svipuð niðurstaða og í fyrra.

Alþingi nýtur mikils trausts rúmlega 35% landsmanna, álíka mikið og í síðustu mælingu.

Nær 21% ber mikið traust til **bankakerfisins**, jafnmargir og í fyrra.

Rétt rúm 13% bera mikið traust til **borgarstjórnar Reykjavíkur** en það eru fjórum prósentustigum fleiri en á sama tíma í fyrra þegar traust til borgarstjórnar mældist tæp 9%.

Hlutfall sem ber mikið traust til stofnana í febrúar 2026



*Marktæk breyting á milli ára

Spurt var:

- Hversu mikið eða lítið traust berð þú til ...? - Stofnanir og embætti birtust í tilviljunarkenndri röð.

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 12. - 25. febrúar 2026. Heildarúrtaksstærð var 1.980 og þátttökuhlutfall var 39,9%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Lynghóls 4, 110 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: jona.sverrisdottir@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Jóna Karen Sverrisdóttir

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.